

Þriðjudaginn 12. janúar 1993.

Nr. 10/1993. **Lind hf.**

gegn

Jóni A. Gestssyni og

Jónu Ósk Vignisdóttur.

Kærumál. Innsetningargerð. Eignarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1992, er barst réttinum 7. janúar 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. desember 1992 um synjun þess, að sóknaraðila verði með beinni aðfarargerð fengin umráð tiltekinna lausafjármuna, er varnaraðili hefur í vörslum sínum. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að beiðni sín um innsetningu í vörslur umrædds lausafjár nái fram að ganga. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Tæki þau og áhöld, er mál þetta tekur til, voru felld undir fjármögnunarleigusamning milli málsaðila með viðauka við hann 27. september 1991. Í viðauka þessum eða öðrum samningsskjölum er því ekki lýst, hvernig sóknaraðili hafi öðlast eignarrétt yfir tækjunum, þannig að hann gæti selt þau á leigu til varnaraðila, og ekki er gerð grein fyrir þeirri breytingu á leigufjárhæð, sem um var samið með viðaukanum.

Kröfu sína í máli þessu reisir sóknaraðili á eignarrétti að umræddum munum og vanefndum varnaraðila á samningi þeirra. Varnaraðilar halda því fram, að samist hafi um uppgjör milli málsaðila við afhendingu til þriðja manns á vörubifreið, sem féll undir samninginn, og hafi þau átt að halda hinum umdeildu munum sem sinni eign. Því er ekki mótmælt, að afhending á bifreiðinni hafi

átt sér stað, og óljóst er um atvik að því, að hún er nú komin í vörslur sóknaraðila.

Fallast má á það með héraðsdómara, að á grundvelli fram lagðra gagna og skýringa sóknaraðila verði réttur hans ekki talinn svo ótvíráður, að unnt sé að fá honum vörslur umræddra muna með beinni aðfarargerð, sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. desember 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 17. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, en gerðarþolar Jón A. Gestsson, kt. 201160-3329, og Jóna Ósk Vignisdóttir, kt. 110558-3769, bæði til heimilis að Goðabyggð 7, Akureyri.

Krafa gerðarbeiðanda er, að gerðarþolum verði með dómsúrskurði gert að skila eftirtöldu lausafé og gerðarbeiðandi jafnframt settur inn í vörslur þess:

1. Loftpressa, Balma 2 T 24.
2. Loftblásari, Wegner Ns. 57835.
3. Þráðsuða, Zinser.
4. Þráðsuða, Wegner.
5. Stingsög, Black og Decker 547 E.
6. Slípurokkur, gerð P 54-11.
7. Borvél, Black og Decker.

Auk þess krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að mati dómsins.

Kröfur gerðarþola eru aðallega, að synjað verði um gerðina. Þá krefjast þau málskostnaðar. Til vara krefjast gerðarþolar þess, að þeim verði aðeins gert að skila munum, sem tölusettir eru nr. 1, 5, 6 og 7 í aðfararbeiðni, og að málskostnaður falli niður.

Málið var tekið fyrir 22. október sl. Hinn 17. nóvember lýstu aðilar gagnaöflun lokið, og í framhaldi af því fór fram munnlegur málflutningur.

Samkvæmt greinargerðum og skjölum málsaðila eru helstu málavextir eftirfarandi:

Hinn 20. febrúar 1991 rituðu gerðarbeiðandi, Lind hf., og Friðrik Sigurðsson undir fjármögnunarleigusamning um Mercedes Benz-bifreið. Hinn 26. júlí sama ár var gerður viðauki við leigusamninginn, en með honum tóku gerðarþolar við öllum réttindum og skyldum leigutakans, Friðriks Sigurðssonar. Hinn 27. september sama ár rituðu málsaðilar enn undir viðauka við leigusamninginn. Í viðauka þessum, er gildi frá 16. júlí, eru ákvæði um breytingar á leigufjárhæð, gjalddaga og lok leigutíma. Þá er í niðurlagi hans eftirfarandi ákvæði:

„Við samninginn hefur bæst: loftpressa, Balma LT 24, loftblásari, Wegner Ns. 57835, þráðsuða, Zinser, þráðsuða, Wegner, stingsög, Black og Decker 547 E, slípurokkur, gerð P 54-11, og borvél, Black og Decker.“

Í greinargerð gerðarbeiðanda er tilvitnað ákvæði viðaukans skýrt svo: „Hinn 27. september 1991 var samningnum skuldbreytt vegna vanskila, og afsöluðu þá gerðarþolar til Lindar hf. til frekari tryggingar á efdum samnings umræddu lausafé, er upp er talið í aðfararbeiðni.“

Við flutning málsins áréttaði umboðsmaður gerðarbeiðanda eignarrétt gerðarþola að lausafjármuninum og að þeir hefðu verið settir til tryggingar skilvisri greiðslu af hans hálfu og þannig orðið eign gerðarþola.

Hinn 30. apríl 1992 sagði gerðarbeiðandi samningi aðila upp og krafðist þess jafnframt, að Mercedes Benz-bifreiðinni yrði skilað innan þriggja sólarhringa. Gerðarbeiðandi höfðaði og áskorunarmál á hendur gerðarþolum vegna vanefnda þeirra á greiðslu leigugjalds fyrir bifreiðina og þeirra lausafjármuna, sem nú er krafist innsetningar í, samtals að fjárhæð 936.877 krónur. Var stefnan árituð um aðfararhæfi í borgardómi Reykjavíkur 9. júní sl.

Samkvæmt yfirlýsingum aðila hefur gerðarbeiðandi nú tekið við vörslum margnefndrar bifreiðar.

Um eignarheimild sína að lausafénu vísar gerðarbeiðandi til frammannefnds fjármögnunarleigusamnings, sbr. og viðauka með honum. Þá vísar gerðarbeiðandi til ótvíræðra vanefndaúrræða í samningnum, þ. á m. uppsagnar- og vörslusviptingarréttar.

Gerðarþolar hafa neitað að afhenda lausafjármunina á þeirri forsendu, að þau hafi öðlast eignarrétt að þeim í tengslum við heildarsamninga þeirra við gerðarbeiðanda um skil og/eða yfirtöku þriggja aðila á Mercedes Benz-bifreiðinni. Hafa gerðarþolar lagt fram símskeyti, dagsett 28. 11 1991, um yfirtöku þriggja aðila og borið, að yfirtakan hafi verið með vitund og vilja gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þessum sjónarmiðum gerðarþola í einu og öllu.

Niðurstaða.

Gerðarbeiðandi reisir eignarrétt sinn á lausafjármununum á fjármögnunar-leigusamningi og viðaukum tengdum honum, en enn fremur á því, að hann hafi öðlast eignarréttinn vegna vanefnda gerðarþola.

Að mati dómsins eru efnisákvæði í samningum aðila vegna lausafjármunanna eigi skýr. Og þrátt fyrir það að málatilbúnaður gerðarþola sé frekar óljós, þykja réttindi gerðarbeiðanda á grundvelli fram lagðra gagna og skýringa hans eigi svo ótvíræð og skýlaus, að hann geti fengið greinda lausafjármuni með beinni aðfarargerð.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu aðfarargerðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin aðfarargerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.
